

EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B. Grandi Akranesi Akranes



Dags eftirlits	23.2.2012	Fulltrúi UST	Ólafur Kristinn Tryggvason
Fyrirtæki	H.B. Grandi Akranesi	Fulltrúi UST	
Heimili	Bárugata 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	600169-1149	Flokkur	Fiskimjölverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Hannesson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	350582,068 427101,867

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu. Gerð var athugasemd um að gera þarf frárennismælingar sem fyrst þar sem enginn afli barst verksmiðjunni eftir að búið var að panta frárennismælingu á loðnuvertíðinni á síðasta ári. Pöntunin var staðfest af fulltrúa Umhverfisstofnunar í eftirliti síðasta árs.

Í eftirlitsferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar var ekkert að sjá umkvörtunarvert og umgengni og hreinlæti almennt góð þannig að snyrtilegt var á að líta.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum fyrirtækisins þar sem farið var yfir síðustu eftirlitsskýrslu, starfsleyfi og reglugerðir. Öllum gögnum sem skila á til Umhverfisstofnunar var skilað á réttum tíma nema frárennismælingum sem ekki náðist að gera á síðustu loðnuvertíð.

Minnt var á að starfsleyfi fyrirtækisins rennur út 1. febrúar 2014 og því væri tímabært fyrir fyrirtækið að fara að íhuga umsókn að nýju starfsleyfi því lágmarksfrestur frá því sótt er um nýtt starfsleyfi þar til það er tilbúið til útgáfu eru átta.

Á fundinum var einnig rætt um, og leiðbeiningar veittar um framkvæmd frárennismælinga þar sem niðurstöður frárennismælinga fiskimjölverksmiðja á landinu fram að þessu hafa bent til að ekki hafi verið rétt að þeim staðið.

Umhverfisstofnun hafði ekki borist nein kvörtun yfir fyrirtækinu síðan síðasta eftirlit fór fram, 10. mars 2011.

Eftir fundinn var farið í eftirlit um alla verksmiðjuna og útisvæði hennar einnig skoðuð. Bæði verksmiðja og útisvæði voru í ágætis ástandi.

ATHUGASEMDIR

Í eftirliti var minnt á að gera frárennismælingar sem fyrst. Mælingar bárust Umhverfisstofnun 23. apríl 2012.

ANNAÐ

Helstu framkvæmdir og breytingar síðan í síðasta eftirliti eru þær, að tveim gömlum pressum var skipt út fyrir eina nýja. Sú pressa er mun fullkomnari og afkastameiri en þær gömlu og hefur reynst vel á yfirstandandi loðnu vertíð.

Umhverfisstofnun hefur með bréfi dags. 24. febrúar 2012 farið fram á að skila skuli niðurstöðum frárennismælinga eigi síðar en 1. maí 2012.

Reykjavík, 15.05.2012

Ólafur Kristinn Tryggvason

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.